

Föstudaginn 13. mars 1992.

Nr. 29/1991. **Páll Björnsson**

gegn

Þrotabúi Láka hf. og**Þrotabúi Einars Jónssonar.**

Úrskurður. Þingfesting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. janúar 1991. Gerir hann þær dómkröfur, að stefndu verði gert að greiða sér 1.084.761 krónu ásamt vöxtum frá 1. ágúst 1987. Þá krefst hann viðurkenningar á sjóveðsrétti.

Málavextir eru þeir, að Láki hf. gerði út m/b Guðmund B. Þorláksson, ÍS-62, sem var í eigu Einars Jónssonar, frá upphafi árs 1987 og fram á árið 1988, og var áfrýjandi skipstjóri á bátnum. Kröfur sínar á hendur stefndu byggir áfrýjandi á því, að hann eigi inni hjá þeim ógreidd vinnulaun, aflahlut, orlof og laun í uppsagnarfresti. Stefndu höfðuðu gagnsök í héraði, en þingsókn féll niður af þeirra hálfu undir rekstri málsins. Þeir höfðu þá skilað greinargerð. Voru stefndu sýknaðir af kröfum áfrýjanda.

Málið var þingfest í Hæstarétti 1. febrúar 1991, og fékk áfrýjandi þá frest til júní sama ár. Hefur hann síðan fengið frest fjórum sinnum, þ.e. til október, desember, febrúar og til reglulegs þingdags í mars sl. Þing hefur ekki verið sótt af hálfu stefndu fyrr en við fyrirtöku málsins þann dag, og óskuðu þeir þá eftir að koma að vörnum í málinu.

Áfrýjandi hefur mótmælt því, að stefndu fái komið að vörnum í málinu, og krafist málskostnaðar úr hendi stefndu í þessum þætti málsins.

Af hálfu stefndu hefur komið fram, að skiptaráðandinn í Ísa-fjarðarsýslu hafi verið í þeirri trú, að þing hafi verið sótt vegna þrotabúanna fyrir Hæstarétti. Þegar annað kom í ljós, hafi verið ákveðið á skiptafundi í þrotabúunum 28. febrúar sl. að fela Jóni Oddssyni hæstaréttarlögmanni að sækja þing í málinu og taka til

varna, þar sem miklir hagsmunir þeirra séu í húfi, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Þingsókn féll niður af hálfu stefndu í héraði. Þrettán mánuðir eru liðnir frá þingfestingu málsins í Hæstarétti. Ekki hefur verið sýnt fram á, að stefndu hafi brýna hagsmuni af því að koma að vörnum í málinu fyrir Hæstarétti. Er kröfu þeirra því hafnað.

Rétt er að fella niður málskostnað.

Á l y k t a r o r ð:

Kröfu stefndu, þrotabús Láka hf. og þrotabús Einars Jónssonar, um heimild til að halda uppi vörnum í máli þessu, er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.
